

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 10. maí 2000.

Breytingin felst í því að mesta vegghæð húsa við Völuteig 19, 21 og 23 er hækkuð úr 5 í 6,5 m.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess fellur úr gildi eldri deiliskipulagsuppdráttur samþykktur í bæjarstjórn október 1999.

Mosfellsbæ, 7. júní 2000.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

7. júní 2000

Nr. 411

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 10. maí 2000.

Breytingin felst í því að útbyggingarreitir einbýlishúsa við Hrafnshöfða 17, 19, 21 og 23 og Svöluhöfða 18, 20, 22, 24 og 26 eru rýmkaðir.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi samsvarandi ákvæði í deiliskipulagsskilmálum Höfðahverfis sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 24. júní 1998.

Mosfellsbæ, 7. júní 2000.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

2. júní 2000

Nr. 412

## GJALDSKRÁ

### fyrir kúasæðingar hjá Búnaðarsambandi Skagfirðinga.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir kúasæðingar:

- Gjald af mjólkurinnleggi, 1,7% af afurðastöðvarverði hjá Mjólkursamlagi Kaupfélags Skagfirðinga Sauðárkróki.
- Gjald af hverri sæddri skýrslufærðri kú kr. 2.000.
- Gjald af hverri sæddri óskýrslufærðri kú kr. 2.500.

Innifalið í þessu gjaldi eru þrjár sæðingar á hverja kú, en sé um fleiri sæðingar að ræða reiknast nýtt gjald eða kr. 2.000 og gildir það einnig fyrir þrjár sæðingar.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 2. júní 2000.*

F. h. r.

**Björn Sigurbjörnsson.**

---

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 176/1998 um notkun og bann við notkun tiltekinna efna í málningu og viðarvörn.**

1. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Orðin „með pentaklórfenóli“, sbr. 5. gr. eða í 1. másl. 7. gr. reglugerðarinnar falla brott.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 4. tl. XV. kafla II. viðauka samnings um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun 76/769/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnisýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ásamt breytingum í tilskipun 1999/51/EB. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfísráðuneytinu, 7. júní 2000.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Ólafur Pétursson.*

## REGLUGERÐ

**um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk í grunnskólum.**

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um samræmd lokapróf í 10. bekk grunnskóla. Með samræmdu prófi er í reglugerð þessari átt við sama próf sem nemendum 10. bekkjar gefst kostur á að þreyta við lok grunnskóla á sama tíma og við sömu eða sambærilegar aðstæður. Sambærilegar aðstæður við próf gegna því hlutverki að gera niðurstöður prófanna samanburðarhæfar.